

*Fujitsu Siemens-kynningarfundur á Grand Hótel  
föstudaginn 14. janúar frá 17 – 19.*

*Pistill fluttur af Jóni Norland fyrir hönd Smith & Norland hf.*

Góðir gestir!

Vore gode danske venner fra Fujitsu Siemens!

Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin á þessa samkomu sem er upphaf kynningar á nýju og öflugu vörumerki á tölvusviðinu. Nýju og þó ekki nýju því að á bak við það standa tvö rótgróin og mjög öflug fyrirtæki sem bæði höfðu áður en þetta samstarf hófst sterka stöðu í tölvuheiminum en sú staða hefur nú styrkst til muna. Við erum hér að ræða um þýska fyrirtækið Siemens og japanska fyrirtækið Fujitsu. Þessi tvö fyrirtæki hafa nú tekið saman höndum og sameinað tölvudeildir beggja fyrirtækjanna undir einum hatti sem ber heitið Fujitsu Siemens Computers. Tók sú sameining formlega gildi 1. október á liðnu ári. Markmið þessa fyrirtækis er að ná lykilstöðu á markaðnum og hafa þegar árið 2001 náð fyrsta sætinu í Evrópu.

Þegar farið var að huga að íslenska markaðnum kom í ljós, eins og allir hér inni vita, að þetta mál snerti tvö íslensk fyrirtæki, Smith & Norland sem Siemens-umboðið á Íslandi og Tæknival sem umboð fyrir Fujitsu. Höfðu bæði þessi fyrirtæki mikinn áhuga á sölu búnaðar frá Fujitsu Siemens Computers hérlendis og varð niðurstaðan sú að nú hafa Smith & Norland og Tæknival tekið upp samstarf um að gera veg Fujitsu Siemens Computers á Íslandi sem mestan og vinna í sameiningu að kynningu og sölu tölvubúnaðar frá fyrirtækinu. Munu því bæði fyrirtækin, Smith & Norland og Tæknival, selja Fujitsu Siemens tölvur hérlendis í nánú og góðu samstarfi og keppa um viðskiptavinina á heilbrigðan og eðlilegan hátt.

Þar sem ég er fulltrúi Smith & Norland hér ætla ég að fjalla stuttlega um fyrirtæki okkar og áform á tölvusviðinu. Smith & Norland hefur fram að þessu látið lítið á sér kræla á hinu hefðbundna tölvusviði þrátt fyrir það að Siemens hafi lengi verið einn af þekktari tölvuframleiðendum heimsins. Ástæður þess eru ýmsar og verða ekki raktar hér en það má segja að á undanförunum tveimur árum höfum við hjá S&N séð sífellt fleiri rök hníga að því að hefja sölu á tölvubúnaði frá Siemens. Vissulega höfum við í árána rás selt margvíslegan búnað þar sem orðið tölvu kemur við sögu á einn eða annan hátt. Nærtækast er að geta þess að Siemens er stærsti

framleiðandi iðntölva í heiminum og hefur Smith & Norland langa reynslu á þeim vettvangi. Og það er sama í hvaða horn er litið hjá alhliða seljanda rafbúnaðar á borð við Smith & Norland; nánast alls staðar blasir tölvutækni við hvort sem um er að ræða loðnar eða mjúkar rafeindastýringar í þvottavélum, Simatic iðntölvur, háþrúð lækningatæki á borð við röntgentæki, sneiðmyndatæki, ómskoðunartæki og hjartarafrita, Hicom símstöðvar ellegar háspennurofabúnað sem stjórnað er og fjarstýrt af flóknum tölvubúnaði. Hin svokallaða instabus-tækni hefur hafið innreið sína í fyrirtæki og á heimili en þar er um að ræða forritanleg hússtjórnarkerfi og jafnvel hinn klassíski spólurofi, sem allir rafvirkjar þekkja sem ósköp venjulegt fyrirbæri, er nýtir sér hin hefðbundnu grundvallarlögmál rafsegulfræðinnar sem kennd eru við 19. aldar menn eins og Faraday og Maxwell, jafnvel gamli, góði spólurofinn er orðinn nettengjanlegur og þar með getur hann verið hluti af flókinni tölvustýringu. Af þessu má vissulega ljóst vera að Smith & Norland er tölvufyrirtæki og hefur lengi verið og því kannski ekkert ýkja merkilegt þótt PC-vélar, netþjónar og tölvuprentarar birtist nú á matseðlinum sem nýir réttir. Reyndar höfðum við þegar hafið sölu á PC-vélum frá Siemens þegar þau tíðindi voru gerð heyrinkunnug að Siemens og Fujitsu færu í eina sæng á tölvusviðinu. Við væntum mikils af þessu samstarfi og vissulega munum við gera allt sem í okkar valdi stendur til að veita viðskiptavinum okkar góða þjónustu á þessu sviði sem öðrum.

Það er gaman að velta því fyrir sér hvort Werner von Siemens hafi órað fyrir því árið 1848, ári eftir stofnunun fyrirtækis síns, þegar hann stóð fyrir lagningu 500 km ritsímastrengs á milli þýsku borganna Berlínar og Frankfurt am Main, er þótti stórtíðindi þá og geysilegt framfaraskref, að rúmlega 150 árum síðar yrðu fjarskipti í því horfi sem þau eru nú um stundir á tímum tölva, Internets, farsíma, ljósleiðara og gervihnatta. Víst er þó að áræðnir og framfarasinnaðir menn á borð við Werner von Siemens hafa rutt brautina og gert tölvubyltinguna mögulega. En ef til vill hefði hann einnig sagt festina lente, flýttu þér hægt, maður gleymdu ekki að þú ert maður en ekki vél; vertu mennskur, ekki vélrænn. Enda þótt við höfum gaman af tækninni og viljum nýta hana til flestra hluta megum við alls ekki verða þrælur hennar. Í þessu samhengi finnst mér táknrænt að bandaríska tímaritið Time hafi kosið Albert Einstein mann aldarinnar. Mann sem var stórkostlegur hugsuður og lagði sinn drjúga skerf af mörkum í þekkingarhít okkar, á hinn bóginn mann þar sem mannúðin skein úr hverjum andlitsdrætti. Mér finnst að við eigum aldrei að gleyma ásjónu Alberts Einsteins og hafa það um leið hugfast að öll erum við mannleg og líf okkar augnablik í eilífðinni.

En aftur niður á jörðina. Eins og fram hefur komið munu Smith & Norland og Tæknival eiga samstarf við Fujitsu Siemens Computers í Danmörku. Þar er vissulega ekki í kot vísað og eru nú staddir hér á landi af þessu tilefni þrír danskir heiðursmenn frá Fujitsu Siemens sem ég vil nú nefna til sögunnar. Fyrstan ber að nefna Claus Östergaard, markaðsstjóra fyrirtækisins, sem flutti ykkur pistilinn hér á undan mér, síðan Jörgen Svart sem mun gegna stöðu Íslandsmálaráðherra í þessu samstarfi og loks Christian Borg Möhl sem er vörustjóri og á íslenska móður, sem sagt hálfur Íslendingur. Við hlökkum til að vinna með þessum mönnum í framtíðinni og ekki spillir það fyrir að kannski komumst við í Tívólí og á Hviids Vinstue.

Claus, Jörgen og Christian, vi glæder os til samarbejdet med jer og det vil blive meget spændende at deltage i Fujitsu Siemens-eventyret. Den gang blir eventyret ikke skrevet af H. C. Andersen, men jeg tror alligevel at den store danske digter er en aandelig aktionær i Fujitsu Siemens og hvis man følger hans humoristiske livsindstilling iblandt med den gode danske forretningssans og sunde fornuft saa kan ikke noget gaa galt. Produkterne er jo helt i orden, det ved vi alle.

Ég lýk máli mínu með því að þakka öllum boðsgestum fyrir að hafa viljað eiga með okkur þessa stund og bið ykkur að njóta hennar.

Hafið þökk fyrir áheyrnina.